

Nr. 21-060 S 041 Guðmundur í Nesi RE 13***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2626 IMO nr. 9235438
 Útgerð: Útgerðarfélag Reykjavíkur hf..
 Smíðaður: Langsten Slip & Baatbyggeri árg. 2000
 Stærð: 1315 brl. 2464 brt.
 Mesta lengd: 66 m Skráð lengd: 59,43 m
 Breidd: 14 m dýpt: 8,6m
 Vél: Wartsila 5,520 kw árg: 2000
 Fjöldi skipverja: 24



Guðmundur í Nesi©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrslu afgreidd á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. júní 2021 var Guðmundur í Nesi RE 13 á siglingu frá Reykjavík áleiðis á veiðar. Veður: SV 3-4 m/s.

Skipverjar voru að undirbúa vinnsluþilfarið og var einn þeirra að þræða reim inn á færiband við pökkunarborð þegar vinnuvettlingur hans festist í driföxli færibandsins með þeim afleiðingum að skipverjinn handleggisbrotnaði. Skipinu var snúið til hafnar og slasaði fluttur á bráðamóttöku.

Við rannsókn kom fram:

- að driföxullinn greip gúmmihanskann sem slasaði var með á hendinni og tætti hanskan í sig en þetta gerðist svo snögg að slasaða gafst ekki ráðrúm til að stöðva drifmótorinn;
- að venjan var að tveir skipverjar ynnu að þessu saman en í þessu tilfalli var hinn skipverjinn staðsettur við hinn enda færibandsins;
- að slasaði var með bláan gúmmihanska sem náði aðeins upp fyrir úlnlið;
- að þegar höndin var kominn á milli við driföxulinn gekk hann út úr færibandinu og



Myndin sýnir endann á færibandinu og rauða örinn vísar á ræsirofann

- taldi slasaði að það hefði orðið honum til happs að ekki fór verr;
- að í hnéhæð við þökkunarborðið var ræsirofinn fyrir drifmótorinn á færibandinu;
 - að fram kom að færibandareimin lá niður með þökkunarborðinu, sem slasaði var að þræða upp á færibaldið, en líklegt er að hún hafi rekist í ræsirofann og gangsett drifmótorinn;
 - að tveir neyðarstoppsrofar voru sitthvoru megin í um meters fjarlægð frá færibandinu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að færibaldið fór af stað þegar unnið var við það.